

# Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

9. apríl 2019 kl. 8:10

## Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Guðrún H. Valdimarsdóttir, fulltrúi foreldra, Þorvar Hafsteinsson, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri, Alfreð Mariússon, fulltrúi starfsmann, og Haukur Ingi Hauksson, fulltrúi nemenda. Ingunn Huld Kristófersdóttir, deildarstjóri eldra stigs.

Fjarverandi: Árnína Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra, Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara og Ástrós Magna Vilmundardóttir fulltrúi nemenda

Fundarritari: María Jónsdóttir, aðstoðarskólastjóri.

## 1. Skólaþing

Ingunn og María kynntu fyrirkomulag skólaþingingsins sem verður með foreldrum nemenda í 1. – 10. bekk þann 7. maí næstkomandi. Póstur verður sendur til foreldra til að fá hugmyndir um spurningar sem það vill að komi fram á þinginu. Einnig verður skráning á skólaþingið.

Ingunn yfirgaf fundinn eftir þetta erindi.

## 2. Foreldra- og nemendakannanir

Farið yfir foreldrakönnun sem tekin var í febrúar. Þar er margt gott sem kemur fram en einnig ýmislegt sem þarf að laga. Foreldrakönnunin er kynnt fyrir skólaráðinu og starfsmönnum og verður sett á heimasíðu skólans.

Rætt um samstarf foreldra og kennara og hvernig samstarfið getur orðið sem best. Kom fram að hægt er að bæta þetta samstarf með því að hafa betra aðgengi að upplýsingum frá skólanum. Einnig væri gott að markmið námsins væri kynnt í námsefniskynningum að hausti þar sem kennarar og stjórnendur væru. Kom fram að verið er að endurskoða kennsluáætlanir og tengja þær betur við hæfniviðmið. Rætt um mentor og hæfniviðmið og hvernig foreldrar sjá viðmiðin þar. Kom fram hjá Hauki, fulltrúa nemenda að honum finnst þetta námsmat mjög gott og nýtast vel.

Theódór yfirgaf fundinn klukkan 9:00.

## 3. Önnur mál

Umræður um klósettmál í skólanum og þrif á þeim. Klósettin eru þrifin á hverjum degi eftir skóla.

Fyrirspurn frá foreldri hvort foreldrafélagið ætti að taka þátt í að „plokka“ skólalóðina.

Foreldrafélagði er að skoða hvort það standi fyrir svona viðburði. Skólinn fagnar þessu framtaki.

Guðrún Soffía minntist á Barnamenningarhátíð Kópavogsbæjar en myndlistaval Vatnsendaskóla á verkefni á sýningu sem sett var upp í tilefni hátíðarinnar.

Fyrirspurn um tónmenntakennara en engar fréttir eru af honum.

Þemavikan sem haldin var um daginn þótti vel heppnuð.

Næsti fundur verður 14. maí.

Fundi slitið kl. 9:25